

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2021/1105****2023/EES/68/10****frá 5. júlí 2021**

um viðurkenningu á að fyrirkomulag laga, eftirlits og framfylgdar í Singapúr fyrir afleiðuviðskipti sem eru undir eftirliti Peningamálastofnunar Singapúr jafngildi tilteknum kröfum í 11. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (1), einkum 2. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Ákvæði 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 kveða á um tilhögun sem veitir framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja jafngildisákvæðanir þar sem lýst er yfir að fyrirkomulag laga, eftirlits og framfylgdar þriðja lands jafngildi þeim kröfum sem mælt er fyrir um í 4., 9., 10. og 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 svo að mótaðilar sem stofna til viðskipta innan gildissviðs þeirrar reglugerðar teljist uppfylla þær kröfur með því að fara að kröfum sem settar eru fram í lagareglum þess þriðja lands, ef a.m.k. einn mótaðilanna hefur staðfestu í viðkomandi þriðja landi. Þessi yfirlýsing um jafngildi stuðlar að því að ná meginmarkmiði reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, þ.e. að draga úr kerfisáhættu og auka gagnsæi afleiðumarkaða með því að tryggja alþjóðlega samræmda beitingu meginreglnanna sem samkomulag er um við þriðju lönd og mælt er fyrir um í þeirri reglugerð.
- 2) Með ákvæðum 1., 2. og 3. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, sem framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 149/2013 (2) og framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2251 (3) bæta við, er komið á lagaskilyrðum Sambandsins að því er varðar tímanlega staðfestingu á skilmálum OTC-afleiðusamnings, framkvæmd samþjöppunar á eignasafni og fyrirkomulag afstemmingar á eignasöfnum í tengslum við OTC-afleiðusamninga sem miðlægur mótaðili hefur ekki stöðustofnað; að auki mæla þessi ákvæði fyrir um skuldbindingar um mat og lausn deilumála sem gilda um þessa samninga („aðferðir til að milda rekstraráhættu“) sem og skuldbindingar um skipti á veðtryggingum („tryggingarfé“) milli mótaðila.
- 3) Til að laga-, eftirlits- og framfylgdarreglur þriðja lands geti talist jafngildar reglum Sambandsins, að því er varðar aðferðir til mildunar rekstraráhættu og kröfur um tryggingarfé á efnisleg niðurstaða gildandi fyrirkomulags laga, eftirlits og framfylgdar að vera jafngild kröfum Sambandsins skv. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 og tryggja verndun þagnarskyldu sem jafngildir þeirri vernd sem kveðið er á um í 83. gr. þeirrar reglugerðar. Enn fremur verður að beita jafngildu fyrirkomulagi laga, eftirlits og framfylgdar skilvirkt, á sanngjarnan hátt og án röskunar í því þriðja landi. Jafngildismatið felur í sér sannprófun á því hvort fyrirkomulag laga, eftirlits og framfylgdar þriðja lands tryggi að OTC-afleiðusamningar, sem ekki eru stöðustofnaðir af miðlægum mótaðila og a.m.k. einn mótaðili með staðfestu í því þriðja landi er aðili að, leiði ekki til aukinnar áhættu fyrir fjármálamarkaði í Sambandinu og valdi af þeim sökum ekki óásættanlegri kerfisáhættu í Sambandinu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 238, 6.7.2021, bls. 94. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 13/2022 frá 4. febrúar 2022 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 42, 30.6.2022, bls. 22.

(1) Stjtið. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1.

(2) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 149/2013 frá 19. desember 2012 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um óbeint stöðustofnunarfyrirkomulag, stöðustofnunar skyldu, opinbera skrá, aðgang að viðskiptavettvangi, ófjárhagslega mótaðila og aðferðir til að draga úr áhættu fyrir OTC-afleiðusamninga sem miðlægur mótaðili hefur ekki stöðustofnað (Stjtið. ESB L 52, 23.2.2013, bls. 11).

(3) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2251 frá 4. október 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla vegna áhættuvarna fyrir OTC-afleiðusamninga sem miðlægur mótaðili hefur ekki stöðustofnað (Stjtið. ESB L 340, 15.12.2016, bls. 9).

- 4) Þessi ákvörðun byggist ekki einvörðungu á samanburðargreiningu á kröfum um lög, eftirlit og framfylgd í Singapúr heldur einnig á mati á niðurstöðu þessara krafna og hversu fullnægjandi þær eru til að milda áhættuna sem stafar af OTC-afleiðusamningum sem miðlægur mótaðili hefur ekki stöðustofnað, með hætti sem telst jafngildur niðurstöðu krafanna sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 648/2012.
- 5) Mælt er fyrir um að það fyrirkomulag laga, eftirlits og framfylgdar sem gildir í Singapúr um afleiðusamninga sem ekki eru stöðustofnaðir af miðlægum mótaðila í reglugerð um verðbréf og framtíðarsamninga (leyfisveiting og viðskiptahættir) (e. *Securities and Futures (licensing and conduct of business) Regulations*), sem og í viðmiðunarreglum Peningamálastofnunar Singapúr (e. *the Monetary Authority of Singapore, MAS*) um kröfur um áhættumildun fyrir OTC-afleiðusamninga sem ekki eru stöðustofnaðir af miðlægum mótaðila („Viðmiðunarreglur um kröfur um áhættumildun“ (e. *Guidelines on risk mitigation requirements*)) og í viðmiðunarreglum um kröfur um tryggingarfé fyrir afleiðusamninga sem ekki eru stöðustofnaðir af miðlægum mótaðila („Viðmiðunarreglur um tryggingarfé“) (e. *Guidelines on margins*). Viðmiðunarreglurnar um tryggingarfé öðluðust gildi þann 1. mars 2017 en viðmiðunarreglurnar um áhættumildun voru gefnar út í apríl 2019. Peningamálastofnun Singapúr er seðlabanki og fjármálaeftirlit Singapúr og beitir varfærniseftirliti á allar fjármálastofnanir í Singapúr sem tekur til banka, fjárfestingabanka, váttryggingafélaga, milliliða á fjármagnsmarkaði, fjármálaráðgjafa og innviða fjármálamarkaða. Hún hefur lögsögu yfir OTC-afleiðum í skilningi 7. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.
- 6) Aðferðir til mildunar rekstraráhættu fyrir OTC-afleiðusamninga sem miðlægur mótaðili hefur ekki stöðustofnað, eins og mælt er fyrir um í 54. gr. B í reglugerð um verðbréf og framtíðarsamninga (leyfisveiting og viðskiptahættir), í viðmiðunarreglum um kröfur um áhættumildun og í viðmiðunarreglum Peningamálastofnunar Singapúr um kröfur um tryggingarfé eru svipaðar þeim sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 og framseldri reglugerð (ESB) nr. 149/2013 að því er varðar tímanlega staðfestingu, verðmat á samningum, samþjöppun eignasafns, afstemmingu eignasafns og lausn deilumála.
- 7) Að því er varðar kröfur um tímanlega staðfestingu, samþjöppun eignasafns og afstemmingu, verðmat og lausn deilumála sem gilda um OTC-afleiður sem miðlægur mótaðili hefur ekki stöðustofnað, ættu þær reglur um OTC-afleiður sem eru í viðmiðunarreglum Peningamálastofnunar Singapúr að teljast jafngildar þeim kröfum sem settar eru fram í 1. og 2. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012. Ef ekki er farið að viðmiðunarreglunum getur það leitt til endurskoðunar á starfsleyfi sem aðilar sem lúta viðmiðunarreglunum starfa samkvæmt.
- 8) Reglur Singapúr um tryggingarfé gilda um OTC-afleiðusamninga eins og skilgreint er í 7. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, að undanskildum framvirkum gjaldeyrissamningum og gjaldeyrisskiptasamningum sem gerðir eru upp efnislega, föstum gjaldeyrisviðskiptum sem gerð eru upp efnislega og tengjast skiptum á höfuðstól með skiptasamningum milli gjaldmiðla, hrávöruafleiðum sem eru gerðar efnislega upp og stofnað er til vegna viðskipta, óstöðustofnuðum afleiðum án lagalega framfylgjanlegs skuldajöfnunarsamnings, óstöðustofnuðum afleiðum án lagalega framfylgjanlegrar tryggingarráðstöfnunar, hlutabréfaválréttum og válréttum með tengingu við hlutabréfavísitölu. Þar að auki kveða reglur Singapúr um tryggingarfé ekki á um sérstaka meðferð á samsettum fjármálaafurðum, þ.m.t. sértryggðum skuldabréfum og verðbréfun. Samkvæmt skilmálum reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 og framseldrar reglugerðar (ESB) 2016/2251 eru gjaldeyrisskiptasamningar og framvirkir gjaldeyrissamningar og skipti á höfuðstól gjaldeyrisskiptasamninga undanþegin kröfum um upphafstryggingu og aðeins afleiður sem tengjast sértryggðum skuldabréfum til áhættuvarnar, afleiður í tengslum við ákveðna verðbréfun og afleiður með mótaðila í þriðju löndum þar sem ekki er hægt að tryggja lagalegt fullnustuhæfi skuldajöfnunarsamninga eða tryggingaverndar, sem og válréttir að stökum hlutabréfum og vísitöluválréttir njóta góðs af undanþágum frá tryggingarkröfum. Ákvörðun þessi ætti því ekki að gilda um hrávöruafleiður sem eru gerðar efnislega upp og stofnað er til í viðskiptaskyni.
- 9) Þær kröfur um tryggingarfé sem settar eru fram í viðmiðunarreglum um tryggingarfé gilda um „aðila sem eru undanþegnir leyfi til að veita þjónustu á fjármagnsmarkaði skv. a- eða b-lið 1. mgr. 99. þáttar laga um verðbréf og framtíðarsamninga“ („aðili undir eftirliti Peningamálastofnunar Singapúr“), sem vísar til banka með starfsleyfi samkvæmt bankalögum Singapúr og fjárfestingabanka. Ríki, seðlabankar, opinberir aðilar, hæfar fjölþjóðlegar stofnanir, samtök eða aðilar, Alþjóðagreiðslubankinn, Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, Alþjóðabankinn og Endurreisnar- og þróunarbanki Evrópu eru undanþegnir skiptum á tryggingarfé samkvæmt viðmiðunarreglunum. Skilgreiningin á „aðila undir eftirliti Peningamálastofnunar Singapúr“ er því undirflokkur skilgreiningarinnar á „fjárhagslegum mótaðila“ í reglugerð (ESB) nr. 648/2012. Ákvörðun þessi ætti því að ná yfir fyrirkomulag laga, eftirlits og framfylgdar varðandi mildun rekstraráhættu og skyldur um skipti á tryggingum sem gilda um aðila undir eftirliti Peningamálastofnunar Singapúr.

- 10) Aðili undir eftirliti Peningamálastofnunar Singapur verður að skipta á viðbótartryggingu ef samanlagt mánaðarloka-meðaltal grundvallarfjárhæðar óstöðustofnaðra afleiðusamninga í mars, apríl og maí á því ári fer yfir 5 milljarða singapúrskra dala eða, ef um er að ræða viðskipti við aðila undir eftirliti Peningamálastofnunar Singapur, ef samanlagt mánaðarloka-meðaltal grundvallarfjárhæðar óstöðustofnaðra afleiðusamninga í mars, apríl og maí á því ári fer yfir þá viðmiðunarfjárhæð. Ákvæði reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 krefjast þess að allir mótaðilar OTC-afleiðuviðskipta sem miðlægur mótaðili hefur ekki stöðustofnað skuli skiptast daglega á viðbótartryggingu. Þessi ákvörðun ætti því að vera háð skiptum á viðbótartryggingu vegna viðskipta sem gerð eru við aðila undir eftirliti Peningamálastofnunar Singapur sem falla undir reglur Singapur um tryggingarfé.
- 11) Samkvæmt viðmiðunarreglunum um tryggingarfé ættu skipti á upphafs- og viðbótartryggingum (saman „tryggingarfé“) að verða innan staðlaðs greiðslutímabils fyrir viðkomandi tegund veðs en ekki seinna en þremur virkum dögum frá viðskiptadegi eða frá deginum þegar endurreikna verður tryggingarfé. Ákvæði reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 krefjast þess að allir mótaðilar OTC-afleiðusamninga sem ekki eru stöðustofnaðir af miðlægum mótaðila skiptist daglega á viðbótartryggingum eða stilli áhættutímabil tryggingarfjár sem er notað til að reikna upphafstryggingu til samræmis við það. Því ætti að mæla fyrir um skilyrði með tilliti til viðbótartryggingar.
- 12) Í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2016/2251 verða aðilar undir eftirliti Peningamálastofnunar Singapur með samanlagða grundvallarfjárhæð óstöðustofnaðra OTC-afleiðna, reiknaða á samstæðustigi og að undanskildum viðskiptum innan samstæðu, í mars, apríl og maí árið áður en útreikningur fer yfir 13 milljarða singapúrskra dala, samkvæmt viðmiðunarreglum um tryggingarfé, að skiptast á upphafstryggingum. Singapur hefur samþykkt alþjóðlega samþykka áfangaskipta innleiðingaráætlun um kröfur um upphafstryggingar. Ákvæði viðmiðunarreglna um tryggingarfé kveða einnig á um samanlagða lágmarksfjárhæð millifærslu á upphafs- og viðbótartryggingum upp á 800 000 singapúrskra dala. Viðmiðunarfjárhæðin í 25. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2016/2251 er 500 000. Að teknu tilliti til takmarkaðs munar á virði þessara gjaldmiðla ætti að líta á þessar fjárhæðir sem jafngildar.
- 13) Ákvæði reglna um tryggingarfé í Singapur gera ráð fyrir notkun á stöðluðu líkani sem jafngildir því sem mælt er fyrir um í IV. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2016/2251, á svipaðan hátt og í staðlaðri aðferð fyrir útreikning upphafstryggingar sem sett er fram í áður nefndum viðauka. Að öðrum kosti er hægt að nota innri líkón eða líkón frá þriðja aðila til að reikna út upphafstryggingu ef þessi líkón fela í sér tilteknar sértækar breytur, þ.m.t. lágmarksöruggisbil og áhættutímabil tryggingarfjár og tiltekin söguleg gögn, þ.m.t. álagstímabil. Áður en innra líkan eða líkan þriðja aðila er notað og áður en breytingar eru gerðar á því verða mótaðilar að tilkynna um það til Peningamálastofnunar Singapur og leggja fram öll viðeigandi skjöl, þ.m.t. aðferðafræði líkans, skilgreiningar og skýrslur um hæfismat til að sýna fram á að líkónin uppfylli viðmiðunarreglur um tryggingarfé.
- 14) Kröfurnar í reglum um tryggingarfé í Singapur varðandi hæfa veðtryggingu og um hvernig skal geyma þær tryggingar og aðgreina geta talist jafngildar þeim reglum sem settar eru fram í framseldri reglugerð (ESB) 2016/2251. Kröfurnar í reglum Singapur um tryggingarfé fela einnig í sér svipaðan lista yfir hæfar veðtryggingar og krefjast þess að veðtryggingar sem aðilar undir eftirliti Peningamálastofnunar Singapur innheimta séu tiltölulega fjölbreyttar, þ.m.t. með því að takmarka verðbréf með lítinn seljanleika til að forðast samþjöppun á veðtryggingum. Kröfur reglna í Singapur um tryggingarfé, sem gilda um verðmat á veðtryggingum, eru sambærilegar þeim kröfum sem settar eru fram í 19. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2016/2251.
- 15) Að því er varðar jafngilda þagnarskyldu í Singapur, fellur starfsfólk Peningamálastofnunar Singapur undir þau ákvæði um þagnarskyldu sem eru í lögum um Peningamálastofnun Singapur (e. *Monetary Authority of Singapore Act, MAS Act*), sem banna stjórnarmönnum, fulltrúum, starfsmönnum, ráðgjöfum og umboðsaðilum Peningamálastofnunar Singapur að ljóstra upp upplýsingum sem þeir hafa öðlast vitneskju um við störf sín. Af þessum sökum veita löggin um Peningamálastofnun Singapur tryggingu fyrir þagnarskyldu, þ.m.t. vernd viðskiptaleyndarmála sem lögbær yfirvöld deila með þriðju aðilum, sem jafngild er þeirri sem sett er fram í VIII. bálki reglugerðar (ESB) nr. 648/2012. Því ætti að líta svo á að löggin um Peningamálastofnun Singapur veiti sambærilega vernd að því er varðar þagnarskyldu og kveðið er á um í reglugerð (ESB) nr. 648/2012.
- 16) Að lokum, hvað varðar skilvirkt eftirlit og framfylgd fyrirkomulags laga í Singapur er frumskylda Peningamálastofnunar Singapur að vakta og framfylgja að farið sé eftir viðmiðunarreglunum. Peningamálastofnun Singapur hefur vald til að grípa til margvíslegra eftirlitsráðstafana til að stöðva hvers kyns brot á gildandi kröfum, eins og viðvörunarbréfa, brottvikningar stjórnarmanna, synjunar á samþykki eftirlitsyfirvalda eða takmarkana á starfsemi aðila undir eftirliti Peningamálastofnunar Singapur. Þær ráðstafanir ættu því að teljast kveða á um skilvirka beitingu á viðeigandi fyrirkomulagi laga, reglna og framfylgdar samkvæmt reglum um OTC-afleiður í Singapur á sanngjarnan hátt og án röskunar til að tryggja skilvirkt eftirlit og framfylgd.

- 17) Með þessari ákvörðun er viðurkennt jafngildi bindandi krafna sem Peningamálastofnun Singapúr setur fram varðandi OTC-afleiðusamninga sem eru í gildi þegar þessi ákvörðun er samþykkt. Framkvæmdastjórnin mun, í samvinnu við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, fylgjast reglulega með þróun á fyrirkomulagi laga, eftirlits og framfylgdar að því er tekur til þessara OTC-afleiðusamninga og samræmdrar og skilvirkrar framkvæmdar þeirra að því er varðar tímanlega staðfestingu, samþjöppun eignasafns og afstemmingu, mat, lausn deilumála og kröfur um tryggingarfé sem gilda fyrir OTC-afleiðusamninga sem ekki eru stöðustofnaðir af miðlægum mótaðila sem þessi ákvörðun hefur verið tekin um. Hluti af vöktunaraðgerðum framkvæmdastjórnarinnar getur verið að fara fram á að Peningamálastofnun Singapúr veiti upplýsingar um þróun á sviði reglusetningar og eftirlits. Framkvæmdastjórnin getur tekist á hendur sértæka endurskoðun, hvenær sem er, ef viðeigandi þróun gerir það nauðsynlegt að framkvæmdastjórnin endurmeti jafngildið sem þessi ákvörðun veitir. Slíkt endurmat getur leitt til niðurfellingar á þessari ákvörðun, sem myndi í kjölfarið sjálfkrafa leiða til þess að mótaðilar falli aftur undir allar þær kröfur sem settar eru fram í reglugerð (ESB) nr. 648/2012.
- 18) Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit evrópsku verðbréfanefndarinnar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Að því er varðar 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 skal fyrirkomulag laga, eftirlits og framfylgdar í Singapúr vegna staðfestingar viðskipta, samþjöppunar og afstemmingar eignasafns, verðmats og lausnar deilumála sem er beitt á viðskipti sem falla undir eftirlit Peningamálastofnunar Singapúr með OTC-afleiðum og miðlægur mótaðili hefur ekki stöðustofnað, teljast vera jafngilt samsvarandi kröfum sem settar eru fram í 1. og 2. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, ef a.m.k. einn af mótaðilum þessara viðskipta hefur staðfestu í Singapúr og er „aðili undir eftirliti Peningamálastofnunar Singapúr“ eins og skilgreint er í viðmiðunarreglum um kröfur um tryggingarfé fyrir OTC-afleiðusamninga sem ekki eru stöðustofnaðir miðlægt.

2. gr.

Að því er varðar 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 skal fyrirkomulag laga, eftirlits og framfylgdar í Singapúr vegna skipta á veðtryggingum sem er beitt á viðskipti sem Peningamálastofnun Singapúr hefur eftirlit með sem OTC-afleiður og miðlægur mótaðili hefur ekki stöðustofnað, að undanskildum hrávöruafleiðum sem gerðar eru upp efnislega og stofnað er til vegna viðskipta, teljast jafngilt kröfunum í 3. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- a) a.m.k. einn af mótaðilum þessara viðskipta hefur staðfestu í Singapúr og er aðili undir eftirliti Peningamálastofnunar Singapúr eins og skilgreint er í viðmiðunarreglum um kröfur um tryggingarfé fyrir OTC-afleiðusamninga sem eru ekki stöðustofnaðir miðlægt í Singapúr,
- b) ef viðbótartryggingar er krafist samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 648/2012 er skipst á viðbótartryggingu sama dag og hún er reiknuð.

Ákveði mótaðilar sín á milli að ekki sé hægt að veita viðbótartryggingu með samræmdum hætti sama dag og hún er reiknuð, skal fyrirkomulag laga, eftirlits og framfylgdar í Singapúr, þrátt fyrir b-lið, einnig teljast jafngilt kröfum í 3. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 ef skipst er á viðbótartryggingum innan tveggja virkra daga frá útreikningi og það áhættutímabil tryggingarfjár sem er notað til að reikna upphafstryggingu er leiðrétt til samræmis við það.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Gjört í Brussel 5. júlí 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
